

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS SORPSTÖÐ SUÐURLANDS

Dagsetning	23.11.2011	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir, Valur Klemensson
Fyrirtæki Kirkjuferjuháleigu	Sorpstöð Suðurlands,	Starfsleyfi, gildir til	13.7.2025
Heimilisfang	Austurvegi 56 Selfossi	Tegund eftirlits	Reglubundið - fyrra
Kennitala	420481-719	Fulltrúar fyrirtækis	Guðmundur Tryggvi Ólafsson
Isat nr.	38.21.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	urðun úrgangs		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Urðun var stöðvuð í Kirkjuferjuháleigu þann 1.12.2009. Samkv. mælingum á sigvatni sem gerðar voru í ágúst sl. er styrkur mengunarefna ekki of hár í sigvatni. Eitt frávik var staðfest þ.e. Umhverfisstofnun hafa ekki borist ákveðnar mælingar á grunnvatni og hauggasi. Fyrirkomulag á söfnun hauggass hefur ekki verið útkljáð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákv. starfsleyfis er varða mælingar í Kirkjuferju, niðurstöður síðustu mælingalotu á sigvatni og mál er varða urðunarstað Sorpstöðvarinnar á Kirkjuferjuháleigu, m.a. mælingar á grunnvatni. Haldinn var fundur með rekstraraðila en skoðun á urðunarstað var ekki framkvæmd að þessu sinni.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Eftirlitsmælingar á stöðu grunnvatns og á magni og samsetningu hauggass, (mánaðarlega: þrýsting, CH₄, CO₂, O₂; 4x á ári; H₂S og H₂) hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

Frávik frá:

Ákvæði 5.2 í starfsleyfi en samkvæmt því skal m.a. mæla ofangreinda þætti í hauggasi og hæð grunnvatns.

Önnur atriði:

Samkvæmt reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs átti að hefja hauggassöfnun á almennum urðunarstöðum frá og með 16. júlí 2009. Rekstraraðili hefur sent Umhverfisstofnun tímasetta áætlun um söfnun hauggass í Kirkjuferjuháleigu en ákvörðun um afmörkun söfnunarsvæðis hefur ekki verið tekin.

Reykjavík, 29.2.2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.